



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Austurstræti 8-10
150 – Reykjavík.

Reykjavík, 14. maí 2008

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um fiskeldi, 530. mál, þingskjal 831.

Í frumvarpinu er að finna mjög ítarleg ákvæði um rekstrarleyfi, umsóknir um þau og ýmis ákvæði sem uppfylla þarf til að leyfi verði veitt. Þá er í gildi lög um mat á umhverfisáhrifum sem fiskeldi fellur undir, en samkvæmt þeim lögum, á að skila inn gögnum og gera athuganir um hugsanleg umverfisáhrif starfseminnar.

Miklar væntingar hafa verið bundnar við eldi fiska hér á landi. Nokkur sjávarútvegsfyrirtæki og fiskeldisfyrirtæki hafa gert tilraunir með fiskeldi um langt árabíl og lagt út í umtalsverðan kostnað til að ná árangri í eldinu. Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum er næsta víst, að heftandi lagagreinar þess muni hafa neikvæð áhrif á stöðu greinarinnar og skapa óvissu um útgáfu nýrra leyfa, sérstaklega til þorskeldis. Vísað er einnig til umsagnar Landssamband fiskeldisstöðva (Lf) um frumvarp til laga um vatnafiska, 595. mál, þingskjal 879 frá 18. apríl 2006.

Meginathugasemdir LF lúta að tveimur greinum 9.gr og 20. gr.

Lf gerir eftirfarandi athugasemdir við einstaka greinamar frumvarpsins:

1.gr. Breytingatillaga: *Í staðin fyrir orðið vistkerfi komi orðið umhverfi.*

4. gr. Breytingatillaga: *Bæta Landssambandi fiskeldisstöðva við lista umsagnaraðila.*

6. gr. Staðbundið bann við starfssemi. 1. mgr.

að fenginni umsögn..... Lf telur að eðli máls samkvæmt þurfi að leita umsagnar til félagsins.

Breytingatillaga: Bæta Landssambandi fiskeldisstöðva við lista umsagnaraðila.

9. gr. Málsmeðferð umsóknar.

Gerðar eru athugasemdir við allar mgr. 9. greinarinnar þar sem fyrir koma orðin sjúkdómar, fisksjúkdómar eða vistfræði. Greinin er verulega þyngjandi og heftandi fyrir fiskeldisfyrirtæki umfram ýtarlegar kröfur í 8. gr. og auk þess verulega hagsmunatengd veiðiréttarhöfum. Verði greinin að lögum er óljóst hvort ný tækifæri í fiskeldi verði nýtt.

Í 7. gr., samkvæmt frumvarpinu, er aflað umsagnar hjá undirstofnunum sjávarútvegsráðuneytisins varðandi leyfisveitingu sem ætti að vera fullnægjandi. Hugtakið „neikvæð vistfræðileg áhrif“ eru ekki skilgreind í frumvarpinu, möguleg túlkun þessa hugtaks er óendanleg og því þarf að skýra við hvað er átt í lögnum en fiskeldisfyrirtæki sem og önnur fyrirtæki yfir ákveðinni stærð falla undir lög um umhverfismat.

Í 2. mgr. er heimild fyrir Fiskistofu um að krefjast ýmissa krefjandi rannsókna, s.b. 3.mgr. á kostnað umsækjanda umfram kröfur í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Því er harðlega mótmælt og vandséð að fyrirtækin getið tekið til starfa undir slíkum opnum ákvæðum umfram það sem um getur í öðrum lögum..

9. gr. orðist svo:

1. mgr. Við meðferð umsóknar.....skal Fiskistofa leggja mat á áreiðanleika fyrirliggjandi gagna og áhættuþætti sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar.

Veiti fyrirliggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar getur Fiskistofa lagt á umsækjanda að skýra betur einstök atriði sem talin eru ófullnægjandi að mati Fiskistofu.

10. gr. Efni og útgáfa rekstrarleyfis. 1.mgr. og 3. mgr.

„Ef vistfræðileg rök” mæla með Vísað er til athugasemdar við 9. gr. hér að ofan.

Í 3. mgr. er heimild ráðherra, m.a. til að skylda leyfishafa til að standa rannsóknnum og vöktun á nærliggjandi veiðivötnum.

3. mgr. orðist svo:

Fyrsta setning óbreytt. Slík skilyrði geta m.a. falið í sér auknar skyldur leyfishafa.

13. gr. Veiðar fisks sem sleppur. 2. mgr.

... valdi „vistfræðilegu tjóni”. Skilgreiningu vantar á hugtakinu í frumvarpinu.

2 mgr. orðist svo:

Rekstrarleyfishafa er skylt.....sem greinir í 1. mgr., valdi tjóni á staðbundu lífríki.

14. gr. Eftirlit og skýrslugjöf. 4. mgr.

Fyrir eftirlit Fiskistofu eðaskal greiða árlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfestir.

Að mati Lf þarf að skilgreina ítarlega, við hvaða kostnað skal miða, við innheimtu eftirlitsgjalds. Orðalag um gjaldtöku verði ekki rýmri en ESB reglugerðir heimila, taki tillit til áhættu, aðstæðna og stærðar fyrirtækja.

4. mgr. orðist svo:

Fyrir eftirlit Fiskistofu eða faggiltra eftirlitsaðila á hennar vegum skulu fiskeldisstöðvar greiða árlegt eftirlitsgjald. Miða skal eftirlitsgjaldið við laun starfsfólks sem framkvæmir eftirlit og beinan kostnað starfsfólks sem framkvæmir eftirlitið þ.m.t. vegna ferðalaga, aðstöðu, áhalds, þjálfunar og tengds kostnaðar. Skipuleggja skal opinbert eftirlit þannig að eftirlitskostnaður verði í lámarki. Eftirlitsgjald skal innheimt.....(endir 4. mgr. óbreyttur)

20. gr. Eldisbúnaður. 1. mgr.

Innflutningur á notuðum eldisbúnaði er óheimill.

Greinin er tæknileg viðskiptahindrun um kaup á búnaði sem samræmist ekki reglugerðum ESB. Greinin stangast einnig á við 8. gr. laga um fisksjúkdóma, nr. 60/2006, en í henni er greint frá skyldu um að sóttþreinsa búnað sem notaður hefur verið erlendis. LF er sammála því að fara þarlega í innflutningi á notuðum búnaði en jafnframt fylgjandi stýrðum undanþágum undir eftirliti því margan búnað er mjög auðvelt að sóttþreinsa á fullnægjandi hátt.

Breytingatillaga við 20 gr.:


Skylt er að sóttþreinsa eldisbúnað þ.m.t. eldiskvíar, eldisker, fóðrar, fiskidælur og báta og annan sambærilegan búnað, sem notaður hefur verið erlendis áður en leyfilegt er að flytja hann inn í landið. Sjávarútvegs- landbúnaðarráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um framkvæmd og eftirlit með sóttþreinsun samkvæmt grein þessari.

Breytingatillaga til vara við 20 gr.:

1.mgr. Önnur setning: Til slíks búnaðar teljast tóg, nætur og annar búnaður sem sannanlega er erfitt að tryggja fullnægjandi sóttþreinsun að mati Matvælastofnunar.

Fyrir hönd Landssambands fiskeldisstöðva.

Virðingarfyllst,



Guðbergur Rúnarsson